

Sp.

526. Tillaga til þingsályktunar

[183. mál]

um borgaraleg samtök í landinu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að halda áfram samtökum þeim, innan þings og utan, sem leiddu til þess, að þjóðin hefur með Atlantshafssáttmálanum endurtryggt frelsi sitt gagnvart árás landvinningsþjóða. Næsta skrefið til að bjarga þjóðinni úr sýnilegum háska um innanlandsmálin er, að lýðræðismenn á Alþingi og meðal borgara landsins utan þings leggi um fimm ára skeið niður innbyrðis flokka-deilur og starfi þann tíma eingöngu að viðreisn landsins án þess að sundra orku þjóðlegra manna í landinu með fánýtum átökum um málefni, sem engu skipta, borið saman við þá nauðsyn að bjarga íslenzku krónunni og íslenzku atvinnulífi frá yfirvofandi hruni.

Greinargerð.

Við meðferð Atlantshafssáttmálans hefur komið í ljós, að meginhluti borgaranna, innan og utan þings, getur tekið höndum saman til að tryggja á viðeigandi hátt frelsi lands og þjóðar gegn árás frá öðrum löndum. Jafnframt má öllum borgurum landsins vera ljóst, að í landinu starfa alþjóðleg samtök, studd af valdamönnum í framandi stórveldi, sem töldu viðeigandi að beita skefjalausúrbeldi til að hindra löggjafarsamkomuna í að vinna skyldustörf sín. Vitað er, að þessi samtök stefna markvíst að því að eyðileggja fjárhag landsins og atvinnulíf og að þau beita til þess bæði kærsku og ofbeldi. Ef þessum mönnum tekst að koma ár sinni svo fyrir borð, að krónan verði algerlega verðlaus, þurrkast um leið út allar sjóðeignir, innstæður og verðbréf landsmanna. Standa þá tugir þúsunda af Íslendingum allslausir og vonsviknir með beiskju í hug til þess mannfélags, sem ekki megnaði að bjarga þjóðinni með hinn mikla stríðsgróða frá þessum hörmulegu forlögum. Vel má marka hættu atvinnuveganna, ef þess er gætt, að allmikill hluti hinna vönduðu nýfengnu togara er nú rekinn með tapi og mörg ágæt veiðiskip úr gamla togaraflotanum eru bundin við festar og ekki látin hafast að, meðan leitað er eftir kaupendum utanlands. Núverandi ríkisstjórn hefur tekizt að mynda öflugt þjóðarsamheldi móti erlendu hættunni, en um innanlandsmálin er alls ekkert að hafzt, sem þýðingu hefur fyrir framtíð þjóðarinnar. Veldur því eingöngu máttlaus og tilefnislaus sundrun borgaranna. Liggur þess vegna hendi næst fyrir þá ríkisstjórn, sem hefur borið gæfu til að sameina lýðræðismenn landsins um bargaráðin út á við, að halda nú fram hinu sama vinnulagi um innanlandsmálin. Má minnst þess, hve miklu borgaraleg samtök fengu áorkað 1939—42 og hve mikið slys hlaut þá af flokkakeppni um eitt þýðingarlaus þingmannskjör, sem varð til friðslita og steypiti þjóðinni út í núverandi hættuástand í fjár- og atvinnumálum. Landamerkjalinan í íslenzku stjórnmalalífi er nú ekki milli þeirra flokka, sem stofnsettir voru í kosningunum 1916 og hafa haldizt við síðan. Þeir hafa nú sýnt í verki, að þeir eru raunverulega sammála um andstöðu gegn hinni austrænu byltingar- og ofbeldisstefnu, sem kynnti starfshætti sína og sinna fylgjenda svo glögglega, að ekki verður um deilt, með andstöðu sinni gegn Atlantshafssáttmálanum. Borgararnir björguðu í það sinn frelsi og heiðri þjóðarinnar með samtökum og skipulegum átökum. Að fengnum sigri á þessum vettvangi færast átökin nú inn á svið efnahagsmálanna. Í vetur hafa borgarar landsins barizt fyrir því að tryggja framtíð þjóðarinnar gegn erlendum landræningjum. Nú er viðfangsefnið að hindra það, að þjóðarauðurinn verði raunverulega brenndur með því að kasta á glæður krónueyðingarinnar öllum lausum aurum landsmanna. Það er tiltölulega auðvelt að sigla fram hjá þessum blindskerjum. Það þarf ekki annars með en að borgarar landsins, innan þings og utan, komi á vopnahléi um nokkurra ára skeið varðandi hin gersamlega þýðingarlausu innbyrðis deilumál sín. Það færi vel á, að sú ríkisstjórn, sem hefur tekizt að sýna þjóðinni í einu máli, hve miklu má orka til þjóðheilla með heilbrigðum borgaralegum samtökum, beiti sömu aðferð við þau þýðingarmiklu vandamál, sem nú bíða úrlausnar innanlands.